

Sjálfbærni- og umhverfisstefna Ölmú íbúðafélags hf.

Alma íbúðafélag hf. („félagið“) skuldbindur sig til þess að hafa sjálfbærni í fyrirrúmi í daglegum rekstri. Félagið er leiðandi á íslenskum markaði í útleigu fasteigna og getur haft mikil áhrif á sjálfbæra þróun í gegnum stórt eignasafn, viðskiptavini, birgja, starfsfólk o.fl. Stefnan er hluti af markmiðum félagsins um að sýna gott fordæmi og ábyrgð í þágu samfélagsins.

Sjálfbær þróun snýr að því að mæta þörfum nútímans án þess að skerða möguleika komandi kynslóða á að mæta þörfum sínum. Á sama tíma og markmiðið er að auka efnahagsleg verðmæti er áhersla lögð á að gæðum náttúrunnar sé viðhaldið og mannréttindi eflað fyrir íbúa jarðar til lengri tíma.

Til þess að tryggja sjálfbæra þróun í rekstri hefur félagið ákveðið að einblína á eftirfarandi flokka í sjálfbærni.

Umhverfisleg sjálfbærni

Til að stuðla að umhverfislegri sjálfbærni skal félagið leitast við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri. Nýta skal náttúruauðlindir með ábyrgum hætti og leita leiða til að draga úr notkun þeirra ásamt því að hámarka hlutfall endurnýjanlegrar orku. Þá skal lágmarka notkun á vörum sem eru skaðlegar umhverfinu og leggja áherslu á að draga úr magni sorps og auka flokkun.

Lögð verður áhersla á að minnka neikvæð umhverfisáhrif með vistvænum innkaupum, grænum leigusamningum og bindingu kolefnis með skógrækt.

Félagsleg sjálfbærni

Til að stuðla að félagslegri sjálfbærni skal tryggja vellíðan fólks og öruggt og heilbriggt umhverfi. Áhersla skal lögð á vistvæn sjónarmið í okkar eigin byggingum sem og okkar viðskiptavina og þar með aukin lífsgæði þeirra sem þar fara um. Mannréttindi eru ein af grundvallarstoðum samfélagsins og fylgir félagið þeim mikilvægu grunngildum er varða mannréttindi í allri sinni starfsemi. Hvers kyns spilling, mútur af einhverju tagi eða önnur ólögleg starfsemi er ekki liðin.

Efnahagsleg sjálfbærni

Til þess að stuðla að efnahagslegri sjálfbærni skal tryggja að sjóðstreymi félagsins sé sjálfbært til lengri tíma og takmarka áhættu í rekstri. Fjármagn félagsins skal nýtt með skynsömum hætti og verklag innan félagsins skal einkennast af góðu viðskiptasiðferði, heilbrigðum viðskiptaháttum og ábyrgð.

Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Félagið styður við öll heimsmarkmiðin en hefur ákveðið að einblína sérstaklega á eftirfarandi markmið.



- Jafnlaunavottun
- Aukin starfsánægja
- Jafnvægi milli vinnu og einkalífs



- Minnka orkunotkun
- Minni losun gróðurhúsalofttegunda
- Fjölgun rafbílahleðslustöðva við eignir félagsins



- Eiginfjárlutfall
- Raunávöxtun eiginfjár
- Græn fjármögnun

Upplýsingagjöf og samstarf

Upplýsingar um sjálfbærnistefnu og markmið skulu vera aðgengilegar í gegnum sjálfbærnisráðgjafu á heimasíðu félagsins. Stefnan er unnin í samstarfi við aðra hagsmunaaðila svo sem önnur fyrirtæki, yfirvöld, sveitarfélög, ráðgjafa, verktaka og birgja.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri félagsins er ábyrgur fyrir sjálfbærnistefnu félagsins. Einnig skal hann tryggja að þróun og markmið stefnunnar séu yfirfarin árlega og bera ábyrgð á innleiðingu stefnunnar inn í daglegan rekstur. Allir starfsmenn félagsins skulu fá fræðslu um sjálfbærnimarkmið félagsins og hvernig þeir geta stuðlað að því að þeim verði náð.

*Þannig samþykkt af stjórn
Ölmu íbúðafélags hf.,
22. okt. 2024*

Gunnar Þór Gíslason

Eggert Árni Gíslason

Erna Gísladóttir